

## MATARHLÉ



Hafþór Einarsson, skrifstofustjóri á skóladeild, tekur að sjálfsögðu áskorun Huldu Signýjar Gylfadóttur, skólustjóra í Grímsey, um að birta góða mataruppskrift í þessu tölublaði. Hafþór skorar á Arne Friðrik Karlsson, starfsmann á sambýlinu Þratarlundi, að koma með uppskrift í næsta blað.

Hafþór og sonur hans  
Veigar Bjarki Hafþórsson.

## KJÚLLI Í HREIÐRI FYRIR FJÓRA

### Hráefni:

4 kjúklingabringur.  
Ferskt salat frá Náttúru.  
Vínber, paprika, gúrka  
og sveppir eftir smekk.  
Pakkasósa eftir smekk.  
Ostur eftir smekk, piparostur  
er afbragðsgóður.  
Ristaðar kasjú-hnetur,  
einn poki.

### Aðferð:

Kjúklingabringumar eru kryddaðar með salti og pipar og síðan grillaðar/steiktar. Mjög sniðugt er að vera með pakkasósar frá Knorr eða Toro. Sósan er gerð samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum. Osturinn er brytjaður niður, settur út í sósuna og látinn bráða. Grænmetið og ávextimur er skorið niður og blandað saman við salatið. Búið til hreiður úr salatinu á diskunum, setjið kjúklingabringuna í miðjuna, hellið sósunni yfir bringuna og dreifið síðan kasjú-hnetunum yfir. Mjög gott er að bjóða uppá Sander Sauvignon Blanc hvítvín.

## BOTNAHORNID

Nýr liður í Krónikunni er að Davíð Hjálmar Haraldsson, skáld og launa-fulltrúi hjá starfsmannaþjónustu, kastar fram fyrriparti sem lesendum er boðið að botna. Sérstök dómnafnd velur síðan besta botninn og birtir í næsta tölublaði. Botn þessa tölublaðs hljóðar svo:

Nú er svart um Suðurland  
en sólskinsbjart við Pollinn.

Sendið okkur botna á akureyri@akureyri.is merkt „Botnahornið“.

## GOTT AÐ VITA

### Sumarorlof

Sólin hækkar á lofti og brátt liður að sumarorlofinu. Af því tilefni er hér að finna nokkrar gagnlegar upplýsingar um orlofið:

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
- Sumarorlofstími er frá 15. maí til 30. september ár hvert.
- Yfirmaður ákveður hvenær orlof skuli tekið í samráði við starfsmann en skylt er að verða við óskum starfsmanns ef því verður við komið.
- Ef ekki er tekið orlof á orlofstíma að ósk yfirmanns þá á starfsmaður rétt á 33% lengingu orlofs.

### Yfirlit yfir orlof á [www.eg.akureyri.is](http://www.eg.akureyri.is)

Á starfsmannavefnum [www.eg.akureyri.is](http://www.eg.akureyri.is) getur starfsfólk fundið yfirlit yfir stöðu orlofs eins og það er skráð í SAP mannaúskerfið. Staða orlofs á vefnum er samkvæmt skráningu á síðasta launaseðli.

*ATH! Fyrstu vikuna í maí er unnið að uppfærslu á orlofsstöðu. Vefurinn sýnir því ekki rétta stöðu fyrr en að því loknu.*



Alþjóðaflugvöllurinn á Akureyri 28. apríl 2010.



[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)  
**Akureyri**  
OLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,  
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNÍKA

2. tbl. 5. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR maí 2010



## ÞJÓNUSTUSTEFNA AKUREYRARBÆJAR – samkeppni um tákni fyrir gildi hennar –

Þjónustustefna Akureyrarbæjar var nýlega samþykkt í bæjarstjórn. Mikilvægt er að starfsfólk bæjarins þekki stefnuna og tileinki sér hana í störfum sínum.

Til að gera þjónustustefnuna sýnilegri er nú efnt til samkeppni um tákni fyrir hvert og eitt gildi hennar. Táknið verður að lýsa gildinu á myndrænan hátt.

Gildin eru: Fagleg - Lipur -Traust

- Samkeppnin hefst 1. maí og stendur til 15. maí.
- Samkeppnin er öllum opin, bæði einstaklingum og hópum.
- Senda má inn í samkeppnina hvers konar myndræna framsetningu (ljósmyndir, teikningar o.s.frv.).
- Vinningstillögurnar verða notaðar í kynningum og framsetningu á þjónustustefnunni og verða eign Akureyrarbæjar.
- Tillögum skal skila inn rafrænt á netfangið [gildin3@akureyri.is](mailto:gildin3@akureyri.is)
- Verðlaun verða veitt fyrir vinningstillögurnar.

Nú er tækifærið til að leyfa hugmyndafluginu að njóta sín!  
Allir eru hvattir til þátttöku.

## GAMLA MYNDIN



Við breytum nú aðeins út af venjunni í myndagetrauninni okkar og birtum að þessu sinni mynd af blómlegri skátastúlku. Myndin var tekin fyrir allnokkrum árum og stúlkan er nú starfsmaður Akureyrarbæjar. Spurt er: Hver er á myndinni? Sendið okkur svör sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar“. Í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Ætlunin er að birta annað slagið myndir sem þessar en halda einnig áfram að birta gamlar bæjarmyndir í góðu samstarfi við Mínjafnið á Akureyri eins og verið hefur.

Í síðasta tölublaði birtum við mynd af Land Rover jeppa sem hafði skollíð á bakhlíð virðulegs húss og spurðum hvaða hús það væri. Óvenjumörg svör bárust og flestir höfðu á réttu að standa: húsið var skátaheimilið Hvammur við Hafnarstræti.

Nafn Ingibjargar Ólafsdóttur, leikskólakennara á Iðavelli, var dregið úr pottinum og fær hún að launum 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

## FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR?


Ritstjórn ætlar í næstu tölublöðum að birta ánægjulegan en ef til vill fremur fánýtan fróðleik lesendum til yndisauka. Hólmkell Hreinsson, Amtsbókavörður, ríður á vaðið með nokkrum tölulegum staðreyndum. Hólmkell spyr:

### Vissir þú...

- að 451 gestur að meðaltali heimsækir Amtsbóksafnið hvern dag sem opið er?
- að alls voru gestirnir 127.575 á síðasta ári?
- að ef þeir stilltu sér upp í einfalda röð yrði röðin 64,5 kílómetrar?
- að það er eins og frá Akureyri að Laugum í Reykjadal?

### Og vissir þú...

- að útlán á bókum og öðrum safngögnum voru 231.187 á síðasta ári?
- að það þýðir að 811 safngögn fara út hvern dag sem opið er og væntanlega annað eins til baka?
- að útlán voru 63,5 tonn í fyrra og skilin annað eins?
- að hvert útlán er að jafnaði 1,85 sm á þykkt?
- að alls lánaðist því út rúmlega fjögurra kílómetra löng slanga af safngögnum sem raðað er hlið við hlið?
- að ef þeim yrði hlaðið upp í stafla væri hann eins og 58 Hallgrímskirkjuturnar hver upp af öðrum?



## BREYTTAR ÁHERSLUR

Starfsmannafréttir Akureyrarbæjar koma nú fyrir sjónir lesenda með ofurlítið breyttu sniði og nýjum áherslum. Nokkuð var spurt um Innanbæjarkrónikuna í starfsmannakönnun sem gerð var í febrúar og einnig var fjallað ítarlega um efnistöð blaðsins á starfsdegi stjórnenda sem haldinn var í mars. Ritstjórn hefur skoðað allar ábendingar og smám saman munu starfsmannafréttirnar taka mið af þeim sem bestar þykja.

Heildarniðurstöður áður nefndrar starfsmannakönnunarinnar verða kynntar í lok maí, um leið og sambærilegar niðurstöður verða kynntar úr 20 öðrum sveitarfélögum. Þó má geta þess hér að niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar hvað Innanbæjarkrónikuna varðar. Kom í ljós að um 85% starfsfólks les blaðið að jafnaði eða stöku sinnum og um 35% virðast þaullesa hvert útgefið tölublað.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Hagsýslustjóri Akureyrarbæjar heitir Jón Bragi Gunnarsson. Hann hefur búið á Akureyri frá því árið 2000 en er fæddur og uppalinn í Reykjavík. Jón á þó ættir að rekja til Eyjafjarðar og var við ýmis sumarstörf í firðinum frá æsku og á námsárunum. Jón er lærður viðskiptafræðingur en fyrir utan glímuna við tölurnar hefur hann mest yndi af fluguveiði og góðum samverustundum með fjölskyldunni.

### En í hverju skyldi starf hans helst vera fólgið?

„Stærstu verkefni mín eru fjárhagsáætlunargerð og gerð þriggja ára áætlunar bæjarins. Þar fyrir utan stýri ég hagþjónustunni og hef umsjón með starfsemi hennar. Innkaupamál og útboð á rekstrarvörum og þjónustu eru meðal verkefna deildarinnar og rekstur tölvukerfa heyrir undir hana, ásamt með fleiru. Að auki vinn ég ýmsar úttektir og greiningar á rekstri bæjarins og sit fundi bæjarráðs sem er eins konar fjárhagsnefnd bæjarins.“

### Hvað er skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Skemmtilegast við starfið er trúlega hvað það er fjölbreytt, ásamt samstarfi mínu við pólitíska fulltrúa og stjórnendur bæjarins og fjölmargt fólk annað innan og utan bæjarkerfisins. Það er svo sem ekkert leiðinlegt við starfið mitt en þó koma upp ákveðin álagstímabil sem geta verið strembin, sérstaklega þegar unnið er að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun. Þá er stundum eins og allt ætli um koll að keyra og gjarnan unnið langt fram á kvöld.“

### Hver er helsti kosturinn við að búa á Akureyri?

„Þetta er hæfilega stór bær sem býður alla þá þjónustu og menningu sem hugurinn girnist. Hér er lítið stress og stutt í náttúruna og maður er aldrei meira en sjö mínútur á milli staða.“